



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Kynning á samþykkt áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar

Forsaga:

Hlutverk áfrýjunarnefndar velferðarráðs er að endurskoða umsóknir umsækjenda um þjónustu samkvæmt reglum velferðarsviðs sem synjað hefur verið, að öllu leyti eða að hluta, hjá miðstöðvum Reykjavíkurborgar. Reglur um verksvið og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 18. janúar 2018 og á fundi borgarráðs þann 25. janúar 2018. Drög að samþykkt áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar eru nú lögð fram til kynningar á fundi velferðarráðs og verða þau lögð fram til samþykktar á fundi borgarstjórnar. Falla þá jafnframt eldri reglur um verksvið og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar úr gildi.

Greinargerð:

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs getur veitt undanþágu frá þeim reglum sem gilda um þjónustu af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ef nefndin metur það svo að sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og ef umsækjandi beinir erindi til nefndarinnar og óskar eftir undanþágu. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar er undirnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar, sbr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, en samkvæmt framangreindu ákvæði getur sveitarstjórn kosið nefndir til að fjalla um og undirbúa einstök mál, málaflokk eða verkefni. Auk þess er það hlutverk sveitarstjórnar að kjósa nefnd til að fara með afmörkuð málefni eða málaflokk í hluta sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Með hliðsjón af framangreindu eru meðfylgjandi drög að samþykkt fyrir áfrýjunarnefnd velferðarráðs því einungis lögð fram til kynningar í velferðarráði.

Ástæða þykir til að endurskoða núgildandi reglur og setja þær fram í formi samþykktar til samræmis við aðrar samþykktir og undirnefndir á vegum Reykjavíkurborgar. Þá þykir tímabært að breyta skipan nefndarinnar. Samkvæmt núgildandi reglum kýs velferðarráð tvo aðalmenn sem skulu vera fulltrúar í velferðarráði og einn aðalmann sem skal vera fulltrúi frá velferðarsviði. Samkvæmt drögum að samþykkt fyrir áfrýjunarnefnd velferðarráðs verður skipan nefndarinnar breytt á þann veg að hún verði skipuð þremur fulltrúum sem sæti eiga sem aðalmenn í velferðarráði og jafnmörgum til vara, sem skulu vera ýmist aðal- eða varamenn í ráðinu. Tveir starfsmenn á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar skulu sitja fundi nefndarinnar og veita ráðgjöf til nefndarmanna. Annar er ritari nefndarinnar og er lögfræðingur og hinn er deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafar.

Að öðru leyti er ekki um að ræða miklar breytingar á nefndinni eða málsmeðferð hennar. Starfshættir nefndarinnar eru að mestu leyti óbreyttir og er í drögum að samþykktum verið að festa í sessi núverandi framkvæmd auk þess sem verklag er gert skýrara og fært til samræmis við aðrar samþykktir borgarinnar.



Að lokum er rétt að geta þess að komið hafa fram ábendingar þess efnis að seta í áfrýjunarnefnd velferðarráðs sé mikil vinna og því hafa kjörnir fulltrúar óskað eftir því að skoðað yrði sérstaklega hvort greitt væri fyrir setu í nefndinni eða hvort það yrði hluti af álagsgreiðslum borgarfulltrúa. Kanna þarf það á vettvangi forsætisnefndar og er það háð ákvörðun í fjárhagsáætlun.

